

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 58/2000**

**frá 28. júní 2000**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2000 frá 19. maí 2000<sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/511/EB frá 7. júlí 1999 um sameiginlega tæknilega reglugerð um tengikröfur vegna rásaskiptra háhraðagagnaflutninga (HSCDS) í farsímum með fleiri en eitt tímahólf<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 4zzh (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/645/EB) í XVIII. kafla í II. viðauka við samninginn:

„4zzi. **399 D 0511:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/511/EB frá 7. júlí 1999 um sameiginlega tæknilega reglugerð um tengikröfur vegna rásaskiptra háhraðagagnaflutninga (HSCDS) í farsímum með fleiri en eitt tímahólf (Stjtið. EB L 195, 28.7.1999, bls. 34).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 174, 13.7.2000, bls. 53 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 32, 13.7.2000, bls. 2.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 195, 28.7.1999, bls. 34.

2. gr.

Texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/511/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 29. júní 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. júní 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*F. Barbaso*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*

*E. Gerner*

---

(\*) Engin stjórmsýsluleg skilyrði tilgreind.